

Grunnskólinn á Hólmavík

Bekkjarnámskrá 6. bekkjar

í Grunnskólanum á Hólmavík skólaárið 2011-2012
Fyrir foreldra



Kennarar: Inga Emilsdóttir og Kolbeinn Skagjörð Jósteinsson

Bekkjarnámskrá 6. bekkjar 2011-2012

Nemendalisti

Halldór Kári Þórðarson
Harpa Dögg Halldórsdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir
Jón Valur Jónsson
Sigurgeir Guðbrandsson
Sólrún Pálsdóttir

Kennaralisti og námsgreinar

Dagrún Magnúsdóttir
Ingibjörg Emilsdóttir Umsjón, tónmennt, tjáning, enska, samfélagsfræði, náttúrufræði, íslenska, heimilisfræði, upplýsingamennt
Kolbeinn Skagfjörð Jósteynsson umsjón, tónmennt, tjáning, íþróttir samfélagsfræði, enska upplýsingamennt og heimilisfræði
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir íslenska
Jóhanna Ása Einarsdóttir náttúrufræði

Umsjónarkennari

Umsjónarkennari hefur veigamiklu hlutverki að gegna m.t.t. sinna umsjónarnemenda. Hann skal öðrum kennurum fremur fylgjast með námsframvindu sinna nemenda, fylgjast með skólasókn þeirra, vera í traustu sambandi við foreldra þeirra, sjá um að nemendur fái þá þjónustu sem þeim ber.

Umsjónarkennarar 4. bekkjar skólaárið 2011 – 2012 eru Ingibjörg Emilsdóttir, inga@holmavik.is og Kolbeinn Skagfjörð Jósteynsson, kolliskag@gmail.com. Síma viðtalstími er eftir samkomulagi.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs skólans er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Nemendaverndarráð sér um skipulagningu á sérkennslu skólans, skiptingu tíma milli nemenda og hefur frumkvæði að allri umfjöllun um sérþarfir nemenda í skólanum. Á skólaárinu 2011 – 2012 eiga eftirtaldir fulltrúar sæti í nemendaverndarráði:

Aðstoðarskólastjóri, sem jafnframt er formaður, fulltrúi sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingur og Félagsmálastjóri Stranda- og Reykhólahrepps.

Foreldrar nemenda geta óskað eftir athugun, greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Auk þessa geta skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, eða eftir atvikum annað starfsfólk skólans eða skólaheilsugæslu, lagt fram ósk um sérfræðiaðstoð í samráði við og með samþykki foreldra. Öllum beiðnum skal vísað skriflega til umsjónarkennara. Sé umsjónarkennari af einhverjum völdum vanhæfur til að fylgja eftir beiðni skal máli vísað skriflega til aðstoðarskólastjóra. Þurfi nemandi að mati umsjónarkennara á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til aðstoðarskólastjóra sem leggur málið fyrir nemendaverndarráð. Í rökstuðningi umsjónarkennara þarf að koma fram með skýrum og greinargóðum hætti í hverju aðstoð við nemendann á að felast að hans mati og skulu greinargóðar upplýsingar fylgja um hvað hefur verið gert/reynt til að koma til móts við þarfir nemandans.

Nemendaverndarráð fjallar um beiðnir varðandi sérstök úrræði til handa einstaka nemenda. Nemendaverndarráð er aðeins heimilt að fjalla um beiðnir sem lagðar hafa verið fyrir ráðið skriflega og með fullnægjandi rökum en vísar þeim að öðrum kosti aftur til umsjónarkennara.

Nemendaverndarráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og forráðamenn nemenda svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans ef þörf krefur. Nemendaverndarráð skal vinna úr beiðnum eins hratt og kostur er. Ráðið hefur að hámarki 30 daga til að komast að niðurstöðu. Umsjónarkennari og foreldrar skulu upplýstir skriflega um niðurstöðuna.

Íslenska

Kennari: Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Yfirmarkmið: Að nemendur nái góðri færni á öllum sviðum málnotkunar í lestri, ræðu og riti, hvort heldur sem þeir eru að gefa af sér eða taka á móti, geti tjáð skoðanir, hugmyndir og tilfinningar og öðlist traust á eigin málnotkun. Íslenska er undirstaða allra annara námsgreina og allir kennarar eru jafnframt móðurmálskennarar.

Námsmarkmið: Íslenska er margþætt námsgrein en henni er hér skipt í fjóra efnisþætti sem samsvara skiptingu í aðalnámskrá grunnskóla.

Námsmarkmið:

Íslenska-lestur og bókmenntir

Markmið er að nemandi:

- lesi sögur, ævintýri, þjóðsögur, gamansögur, dæmisögur og lengri bækur
- lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar að eigin vali miðað við lestrargetu og áhuga
- fái tækifæri til að fylgjast með flutningi á leikriti
- þjálfist í að horfa á fræðsluefni með athygli og vinna úr þeim upplýsingum sem þar koma fram
- ræði um bókmenntaverk sem að hann hefur hlustað á eða lesið
- geri sér grein fyrir hugtökunum aðal- og aukapersónur, umhverfi, boðskapur og ljóðstafir
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok
- taki þátt í leiktúlkun á bókmenntatexta
- geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta
- geti lesið nokkuð flókin fyrirmæli og farið eftir þeim
- þjálfist í að fá lánaðar bækur af bókasafni og geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum, bókum, margmiðlunarefni og af Netinu
- nái góðum tökum á að greina aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta
- geti lesið úr töflum og myndritum
- velji sér bækur, af skólasafni eða annars staðar frá, til að lesa sér til ánægju
- geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem hann hefur lesið

Ritun

Markmið er að nemandi:

- skrifi skýra og vandaða skrift og vandi frágang í allri ritun
- læri að fara eftir flestum stafsetningarreglum, t.d. n- og nn- reglunni, ng- og nk- reglunni og um l, í og y, ý

- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum og ýmsum aðferðum
- geti samið sögur með atburðarás og ort ljóð og skrifað sjálfur
- þekku hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun
- geti skráð frásagnir um atburði úr eigin lífi eða lífi fjölskyldunnar
- geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann vinnur, t.d. í landafræði, sögu eða náttúrufræði
- geti lýst skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr umhverfinu og almennum fréttum
- þjálfist í að taka við gagnrýni á eigin texta og vinna úr henni með því að endurrita textann
- geti skrifað almenna texta rétt eftir upplestri
- þjálfist í að nota orðabækur og önnur hjálpargögn
- geti notað tölvur við ritun og frágang skriflegra verkefna
- þjálfist í réttri fingrasetningu með ýmsum ritunarverkefnum

Íslenska-talað mál og hlustun

Markmið er að nemandi:

- geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum
- temji sér að tala skýrt og áheyrilega við öll tækifæri
- þjálfist í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli í töluverðan tíma
- þjálfist í að hlusta á upplestur ljóða, bæði hefðbundinna og óhefðbundinna og geri sér grein fyrir mun þeirra
- læri vísur og ljóð til söngs eða annars flutnings
- leiki leikþætti eða atriði úr frásögnum sem hann hefur lesið eða samið
- geti greint skipulega frá atburðum eða reynslu
- fái tækifæri til að segja frá eigin tilfinningum og líðan
- geti kynnt vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum og sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið
- geti lesið upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum
- geti flutt undirbúnar frásagnir t.d. gamansögur og haldið athygli áheyranda í nokkurn tíma
- þjálfist í leikrænni tjáningu og leikjum með áherslu á gildi talaðs máls
- fari eftir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu

Málfræði

Markmið er að nemandi:

- geri sér grein fyrir að öllum orðum er skipt í flokka eftir formlegum og merkingalegum einkennum
- þekki nafnorð, sagnorð og lýsingarorð, helstu einkenni þeirra
- geti sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð í eintölu og fleirtölu
- geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbreytingu lýsingarorða
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna og geti breytt tíð frásagna
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, þrautum, spuna, nýyrðasmíð og ýmiss konar orðaleikjum
- geti búið til samsett orð af öryggi
- vinni með stofn orða og geti nýtt sér kunnáttu við stafsetningu
- vinni með algeng orð og málshætti
- átti sig á hvaða orðmynd er uppfléttimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka

- þekki mun samnafna og sérnafna og kyn orða og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu

Leiðir:

Mikil áhersla er lögð á lestur, lestrarfærni og lesskilning. Nemendur lesa heima á hverjum degi í lestrarbókum af leslista bekkjarins og foreldrar kvitta fyrir hlustunina í Skjatta. Unnið verður með lestur og lesskilning á vefjum nams.is og skolavefurinn.is. Þar verður einnig unnið með málfræði og grundvallarreglur réttitunar samhliða vinnubókum.

Nemendur skrifa sitt eigið efni í sögubók, mikil áhersla er á að vanda sögurnar og lesa þær upp fyrir aðra og upplestur meðal annars þjálfaður með því. Nemendur kynnast og læra nokkur ljóð og semja sín eigin og æfa upplestur ljóðanna.

Nemendur kynnast þjóðsögum, hlusta á upplestur þeirra og fleiri sagna og æfa lesskilning með forspá, spurningum og frásögnum. Farið verður í einstök orð, orðtök og málshætti og þau útskýrð til að auka lesskilning og orðaforða. Í þessu skyni verður einnig unnið í vefjunum nams.is og skolavefurinn.is

Nemendur skrifa í skrifarbækur og áhersla lögð á að draga rétt og þægilega til stafs og vanda sig í hvívetna.

Nemendur taka þátt í leikrænni tjáningu texta sem þeir hafa hlustað á, lesið eða samið sjálfir. Kennsla í íslensku er einstaklingsmiðuð, nemendur vinna á sínum forsendum, þeir áætla hluta af vinnu sinni í Skjatta

Leikræn tjáning, hópvinna, ýmsir leikir, hringekja, lestarferð og fleira er notað til að stytta lotur og auka fjölbreytni í kennslustundum.

Námsmat:

Einkunn í lestri:

Einkunn í lestri er hlutfallsleg tala 50% á móti 50% virkni. Ef nemandi les 50 atkvæði á mínútu í 3. bekk og lokamarkmið 3. bekkjar eru 60 atkvæði er það reiknað svona: $50/60 = 0,83 =$ einkunn 8,3 námundað í 8,5. Ef nemandi nær 60 atkvæðum fær hann einkunnina 10. Síðan er virkni í lestri, heimalestur, virkni í lesstundum í skólanum metin og gildir 50% á móti hraðlestrarprófinu. 50% símat og 50% próf.

Samræmt námsmat skólans:

Verkefni anna verða metin, símat, og gilda 50% af einkunn haust-, mið- og vorannar. Símat felst í fjórum atriðum, virkni (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) samvinnu (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) ástundun (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir og skilar þeim á réttum tíma, mætir í tíma o.s.frv.), samskipti (eru samskipti við kennara og samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda). 50% símat og 50% próf.

Nemendur taka próf í lok hverrar annar, öll próf og kannanir annarinnar gilda 50% á móti símati. Eingöngu verður prófað úr námsefni sem búið er að vinna með.

Auk vorannareinkunnar verður í lok skólaársins gefin lokaeinkunn sem er meðaltal haust-, mið- og vorannar.

Grunnnámsefni: Ýmsar lestrarbækur af leslista, Málrækt 1. Og 2, Mál í mótun, grunnbók og verkefnabók. Skrudda, verkefnabók I og II. Skræða, verkefnabók I og II. Völusteinn og Óskasteinn lestrarbækur. Trunt, trunt og tröllin í fjöllum lestrar og verkefnabók. Blákápa, grunnbók og verkefnabók. Lesskilningsverkefni. Stafsetning, ritreglur og æfingar, Réttitunarorðabók og verkefni henni tengd. Ýmis ritunarverkefni. Ýmis verkefni sem þjálfar talað mál og framsögn. Ljóðabókin mín. Skrift 6. Önnur fjölrituð verkefni, bækur af bókasafni og efni af námsvefjum nams.is og skolavefurinn.is

Stærðfræði og tungumál

Nemandi

- fáist við verkefni um fjölgun og fækkun, hækkun og lækkun
- noti dagatal og riti dagsetningar með algengum rithætti
- kynnist skilgreiningum á algengum rúmfræðihugtökum
- taki þátt í kynningu, einn eða með öðrum nemendum, á verkefni um stærðfræðilegt efni þar sem beitt er töluðu máli, texta og myndritum

Lausnir verkefna og þrauta

Nemandi

- temji sér að spyrja spurninga um verkefni í því skyni að öðlast betri skilning á því
 - hvað segja forsendurnar?
 - hvað á að sýna?
 - væri hægt að sjá niðurstöðurnar í hendi sér ef forsendunum væri breytt?
- glími við flókin viðfangsefni í samvinnu við aðra nemendur með því að
 - setja þau á svið eða teikna myndir
 - búa til töflur
 - leita að mynstri eða reglu
 - giska á lausnir og prófa þær
 - vinna sig til baka
 - reyna við einfaldara skylt verkefni
 - athuga sértílvik
 - temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- glími við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni, t.d. á einhverju eftirtalinna sviða
 - viðfangsefni daglegs lífs
 - hönnun og handíðir
 - verkefni tengd umhverfi
 - athuganir í raungreinum eða stærðfræði (talnafræði, rúmfræði)
 - leikir og þrautir
- Finna hve marga ólíka rétthyrninga má gera úr 24 ferningslöguðum flísum. Hvert er ummál þeirra og flatarmál?

Röksamhengi og röksemdafærslur

Nemandi

- uppgötvu grófar rökvillur
- raði rökkubbum upp eftir eiginleikum

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Nemandi

- beiti stærðfræði í öðrum námsgreinum
- áætli stærðir í næsta nágreinni í staðaleiningum

- breyti km í m, m í dm og cm, cm í mm og l í ml
- kynnist skiptingu hringsins í 360° , sextugakerfi Babýloníumanna og notkun þess í skiptingu klukkustundarinnar í mínútur og sekúndur

Tölur

Nemandi

- sjái hvenær tvö almenn brot eru jöfn
- raði tugabrotum eftir stærð
- kynnist minnsta margfeldi tveggja talna með því að skoða margfeldi út frá mynstrum í margföldunartöflum og ræði um hugtakið minnsta margfeldi í tengslum við samnefnara brota
- skoði mynstur í 9 sinnum töflu og leiti skýringa á því að þversumman í 9 sinnum töflunni er alltaf 9
- kynnist fyrstu 6–8 frumtölunum
- kynnist deilingu með afgangi
- breyti tugabrotum með tveimur aukastöfum í almenn brot
- breyti einföldum brotum í tugabrot

Reikniðgerðir, reiknikunnátta og mat

Nemandi

- fáist við aðgerðir með heilum tölum með allt að fjögurra stafa útkomu, deilingu þó með eins stafs tölu
- kynnist hlutverki núllsins í samlagningu
- kynnist núlli í margföldun.
- margfaldi og deili í tugabrot með einum aukastaf með heilli tölu
- reikni með tugabrotum í hagnýtum tilgangi
- leggi saman samnefnd almenn brot og kynnist samlagningu mjög einfaldra ósamnefndra brota út frá myndrænni framsetningu
- noti reiknivélar við allan algengan reikning
- sjái að margföldun og deiling með 100 jafngilda færslu um tvö sæti í tugakerfi
- kynnist aðferðum við hugarreikning

Hlutföll og prósentur

Nemandi

- kynnist notkun orðsins hlutfall
- finni tiltekinn hluta af heild
- umreikni verð í erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur og öfugt
- geri verðkönnun og beri saman verð, t.d. á 100 g af algengri vörutegund
- reikni 10%, 25% og 50% af stærðum
- breyti prósentum í almenn brot

Mynstur og algebra

Nemandi

- vinni með ýmis talnamynstur
- setji tölur inn fyrir breytur í einföldum stæðum
- vinni að athugunum á reglum um ummál, flatarmál og rúmmál einfaldra hluta
- finni tölu sem x stendur fyrir í jöfnu
- noti víxlreglu, tengireglu og dreifireglu í hugarreikningi

Rúmfræði

Nemandi

- telji hliðar, brúnar og horn á margflötungum
- mæli rúmmál í ml
- teikni og mæli horn með a.m.k. 5° nákvæmni
- kanni hvaða reglulegir margflötungar geta þakið flöt
- vinni með hornasummu þríhyrnings
- teikni þríhyrning með gefnum stærðum, t.d. með gefnum tveimur hliðum og horninu á milli þeirra, mæli hin hornin og ræði hornasummu þríhyrnings

Tölfræði og líkindafræði

Nemandi

- finni meðaltal og miðgildi fyrir nokkur gagnasöfn og ræði hvor stærðin lýsir safni betur
- ræði rangar og misvísandi tölfræðilegar upplýsingar

Samfélagsgreinar

Kennarar: Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson og Ingibjörg Emilsdóttir.

Yfirmarkmið: Samfélagsgreinarnar fjalla um stöðu, hlutverk og möguleika mannsins í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi, um einingar samfélags og umhverfis frá hinu minnsta til hins stærsta. Markmið samfélagsgreina er að gera nemendann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig og beita sér í mannlegu samfélagi og að temja honum gildi sem þar ríkir samkomulag um.

Námsmarkmið:

Landfræði

Nemandi á að

- kunna að lesa og túlka kort, loftmyndir og önnur landfræðileg gögn, hvort sem er í bókum eða tölvum
- þekkja hnattlíkan, bauganet og tímabelti jarðar
- geta notað kortabækur, kort og hnattlíkön til upplýsingaöflunar og hafa skilning á helstu litum, táknnum og hugtökum þar að lútandi
- kunna skil á loftmyndum og hefðbundnum staðfræðikortum
- átta sig á hvernig kort eru búin til á grunni upplýsinga af loftmyndum
- þjálfast í lestri og framsetningu á einföldum töflum og geta sett upplýsingar, sem hann hefur aflað sjálfur, fram á myndrænan hátt
- þekkja helstu tákn sem notuð eru í veðurlýsingu
- þekkja höfuðáttirnar fjórar, tvo undirflokkar þeirra og hvernig þær tengjast skiptingu hrings
- hafa þjálfast í að túlka stöðluð tákn á hefðbundnu staðfræðikorti, s.s. hæðarlínur og landslagsskyggingu
- kynnast einföldum þemakortum og hvernig setja má upplýsingar fram um fjölda eða stærð, t.d. með einu tákni af mismunandi stærð eða að lita afmörkuð svæði með einum lit en misdökkum
- þekkja valda landfræðilega þætti Norðurlanda og hafa aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum
- kunna skil á hugtökum eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- gera sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða og samskiptum þeirra á milli eftir því sem við á
- geta útskýrt ýmis tilefni þess að fólk ferðast og flytur milli staða

- þekkja til helstu náttúruauðlinda, atvinnuvega, búsetumynsturs, samgöngutækja og lífnaðarháttar
- þekkja hvernig náttúran skapar síbreytilegar aðstæður
- átta sig á hvernig menn móta umhverfi sitt, mikilvægi náttúruverndar
- þjálfast í að sækja landfræðilegar upplýsingar í gagnasöfn

Saga

Nemandi á að

- þekkja til landkönnunarferða á miðöldum og ýmissa samfélagsbreytinga sem komu í kjölfar þeirra
- hafa tamið sér að leita að upplýsingum sér til gagns og ánægju um það sem er á dagskrá í sögunámi – á bókasafni, á Netinu og á fleiri vegu
- hafa vanist mismunandi leiðum við að tjá söguþekkingu sína og -skilning og kunna að velja á milli þeirra, svo sem í rökræðu og frásögn, í ritgerð og á Netsíðum, á myndrænan hátt og með leikrænni tjáningu
- þekki íslenskar þjóðsögur og lesi úr þeim fróðleik um íslenska þjóðtrú og þjóðhætti fyrr á öldum
- átta sig á að jörðinni er skipt upp í tímabelti og lengdar- og breiddarbauga
- kynnist því hvernig fólk ferðast og af hverju
- kynnist dæmum um það hvers vegna fólk flytur milli staða
- læri að nota kort af nánasta umhverfi sínu til að komast leiðar sinnar, t.d. í ratleik
- læri að nota efnisyfirlit og atriðisorðaskrá í kortabókum til að finna tilteknar upplýsingar
- afli einfaldra upplýsinga og setji fram á myndrænan hátt, t.d. með einföldu súluriti
- læri að þekkja og finna á hnattlíkani og/eða korti heimsálfurnar og úthöfin
- átta sig á megineinkennum landslags af korti, t.d. með hvaða litum láglendi og hálendi er oftast táknað á landakorti
- greini hvenær skipt er um tímasvið í frásögn og geti greint hvenær atburðir gerast, á undan eða eftir öðrum eða samtímis
- geri sér grein fyrir að sögunni er skipt niður í tímabil, t.d. steinöld, fornöld, landnámsöld og miðaldir og læri tímatalstáknin f.Kr. og e.Kr.
- öðlist skilning á gildi bókarinnar sem fróðleiksbrunnar, læri á uppbyggingu bókar, efnisyfirlit, atriðisorðaskrá og ráði við að finna bók á bókasafni
- þekki mismunandi leiðir til að afla sér upplýsinga
- fái innsýn í söguna gegnum ljósmyndir, kvikmyndir, tölvuleiki og með heimsókn á minjasafn
- fái að lifa sig inn í söguna með því að endurskapa veruleika með öðrum, t.d. að skapa ímyndað land með bekkjarfélögunum, nema það og búa til samfélag
- þjálfist í að flytja mál sitt, svara fyrirspurnum, rökræða niðurstöður sínar og taka gagnrýni
- komi kunnáttu sinni á framfæri munnlega og skriflega, í leik, myndsköpun, söng, tónlist og/eða leikrænni tjáningu við bekkjarfélaga, foreldra eða aðra
- kynni sér riddaralíf á miðöldum, í veruleik og skáldskap
- kynni sér pílagrímsferðir til Rómar og Jerúsalem
- kunni deili á siglingum norrænna manna til Grænlands og Ameríku
- kanni svartadauða í Evrópu, þar á meðal á Íslandi

- kynni sér ferðir Marcos Polos til Kína
- kanni Inkaríkið í Suður-Ameríku
- fái mynd af konungsveldum og mannlífi í Vestur-Afríku, einkum út frá ferðalýsingum Ibn Battúta

Rýni

Nemandi

- læri um siglingar og langferðir á miðöldum, t.d. norrænna manna til Grænlands og Vesturheims og Kínverja til Afríku
- kynnist siglingum Portúgala og Spánverja um heimshöfin, m.a. til Ameríku og suður fyrir Afríku
- kanni nokkrar af þeim umbreytingum sem fylgdu í kjölfar landafunda, svo sem
- hvernig sjúkdómar frá gamla heiminum felldu frumbyggja Ameríku
- hvernig sóttkveikjur frá Ameríku herjuðu á Evrópu
- hvernig Afríkubúar voru seldir í þrældóm til Ameríku
- hvernig nytjajurtir og góðmálmar höfðu áhrif á lífsbjörg og valdahlutföll í Evrópu
- hvernig Evrópa styrkti stöðu sína Nemandi
- leitist við að meta breytni og tilfinningar fyrri tíðar fólks út frá forsendum þess
- velti fyrir sér tengingum og samhengi í námsefninu, m.a. milli einstaklinga og hópa, milli höfðingja og almennings, Íslands og útlanda, þess sem einstakt er og þess sem hefur almennara gildi

Leiðir: Fyrirlestrar og umræður. Verkefni unnin í verkefnabækur. Unnið verður með leikræna tjáningu. Verkefni unnin í hópum og einstaklingslega. Unnið verður með samfélagsfræði á haust- og miðönn.

Námsefni: *Norðurlöndin og Miðaldir.*

Námsmat: Samræmt námsmat skólans: Verkefni anna verða metin, símat, og gilda 50% af einkunn haust-, og miðannar. Símat felst í fjórum atriðum, virkni (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) samvinnu (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) ástundun (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir og skilar þeim á réttum tíma, mætir í tíma o.s.frv.), samskipti (eru samskipti við kennara og samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda). 50% símat og 50% próf. Öll próf og kannanir gilda 50% á móti símati. Eingöngu verður prófað úr námsefni sem búið er að vinna með. Í lok skólaársins verður gefin lokaekinn sem er meðaltal haust- og miðannar.

Kristin fræði, siðfræði og trúabragðafraði

Kennarar: Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson og Ingibjörg Emilsdóttir.

Námsmarkmið: Að nemandi...

- hafa öðlast góða innsýn í kristilegt siðgæði og tileinkað sér samskiptareglur sem byggjast á kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi
- hafa tamið sér virðingu fyrir ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum
- þekkja nokkur meginatriði kristni
- þekkja algengustu tákn kristninnar og merkingu þeirra
- hafa þekkingu á uppruna, sögu og útbreiðslu annarra helstu trúarbragða heims, svo sem gyðingdóms, íslams, hindúasiðar og búddadóms
- þekkja valda þætti nokkurra helstu trúarbragða heimsins, einkum guðshús, helgistaði, helgirit, tákn, hátíðir og siði
- hafa fengist við siðræn viðfangsefni sem tengjast samskiptum, sáttfýsi og fyrirgefningu
- hafa þjálfast í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti
- hafa tamið sér ábyrga afstöðu gagnvart náttúrunni um umgengni við hana
- þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra
- læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til að hrósa og uppörva aðra
- þekki aðdragandann að fæðingu Jesú, svo sem frásögurnar af fæðingu Jóhannesar skírara, boðun Maríu og jólaguðspjall Lúkasar
- þekki sögu aðventukransins og jólatrésins, táknræna merkingu og siði tengda þeim
- þekki frásöguna af atburðum hvítasunnudags og geri sér grein fyrir merkingu hans fyrir kristna kirkju
- kunni skil á kirkjuárinu, helstu hátíðum og merkingu ólíkra lita í helgihaldinu
- fræðist um uppruna, sögu og útbreiðslu gyðingdóms
- kynnist helgiriti gyðingdóms
- þekki guðsmynd og trúariðkun gyðinga
- kynnist öðrum völdum þáttum gyðingdóms, m.a. helgistöðum, sýnagógu, táknum, hátíðum og siðum
- fáist við efni tengt sáttfýsi og fyrirgefningu og gildi þessa, bæði trúarlega og í samskiptum manna á milli
- kanni merkingu aðventutímans í kristnu helgihaldi, uppruna jólahalds kristinna manna

- læri um aðdragandann að handtöku Jesú og ástæður hennar og kunni skil á atburðum skírdags og föstudagsins langa
- fræðist um uppruna og sögu íslams, m.a. um Múhameð, kenningu hans og stöðu í íslam
- kynnist Kóraninum, helgiriti múslima, og völdum textum, t.d. upphafskaflanum, al Fatiha
- þekki guðsmynd og trúariðkun múslima, m.a. stoðirnar fimm
- kynnist öðrum völdum þáttum íslams, svo sem mosku, helgistöðum, táknum, hátíðum og siðum
- fáist við siðferðileg efni tengd minnihlutahópum og fötluðum og samskiptum nemenda, svo sem einelti og hópþrýstingi
- öðlist skilning á mikilvægi umhverfis- og náttúruverndar og temji sér ábyrga afstöðu í þeim efnum
- þekki atburði páskadags, hina kristnu upprisutru og viðbrögð lærisveina Jesú við dauða hans og upprisú
- geri sér grein fyrir því hvaða þýðingu krossdauði Jesú og upprisutruin hefur fyrir kristna menn
- þekki algengustu tákn kristninnar og merkingu þeirra og fái tækifæri til að kynnast því hvernig listamenn hafa notað þau í listsköpun sinni
- fræðist um uppruna og útbreiðslu hindúasiðar
- þekki dæmi um helgirit hindúasiðar og kynnist völdum textum úr þeim
- þekki guðsmynd og trúariðkun hindúa
- kynnist öðrum völdum þáttum úr hindúasið, m.a. helgistöðum, musterum, táknum, hátíðum og siðum
- fræðist um uppruna og sögu búddadóms, m.a. um valda þætti í sögu og kenningu Siddharta Gautama
- þekki dæmi um helgirit búddadóms og kynnist völdum textum úr þeim
- kynnist trúariðkun búddatrúarmanna
- kynnist öðrum völdum þáttum búddadóms, m.a. musterum, klaustrum, helgistöðum, táknum, hátíðum og siðum

Leiðir: Notaðar frásagnir, lesnar sögur, unnið í vinnubókum, unnin verkleg verkefni og umræður, þar sem reynt er að efla með nemendum gagnrýna hugsun og efla dómgreind þeirra. Verkefni í kristnum fræðum verða unnin í þemum í tengslum við jól og páska., verkefni unnin í hópum og einstaklingslega. Unnið verður með Siðfræði og trúarbragðafræði á vorönn.

Námsefni: *Valur, heimspekilegar smásögur og Trúarbrögðin okkar. Sérvalið efni í Kristnum fræðum.*

Námsmat: Samræmt námsmat skólans: Verkefni anna verða metin, símat, og gilda 50% af einkunn vorannar. Símat felst í fjórum atriðum, virkni (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) samvinnu (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) ástundun (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir og skilar þeim á réttum tíma, mætir í tíma o.s.frv.), samskipti (eru samskipti við kennara og samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda). 50% símat og 50% próf. Öll próf og kannanir gilda 50% á móti símati. Eingöngu verður prófað úr námsefni sem búið er að vinna með. Í lok skólaársins verður gefin loka-einkunn sem er jafnframt voreinkunn

Náttúrufræði

Náttúrufræði

Yfirmarkmið: Fræðasvið náttúruvísinda er víðfemt og það spannar undur náttúrunnar í ótal myndum. Náttúrufræðikennslu í grunnskóla er ætlað að auka skilning nemenda á umhverfi sínu og stuðla að því að þeir umgangist það af ábyrgð og virðingu í anda sjálfbærrar þróunar. Hafa ber í huga að Íslendingar eru hluti af samfélagi þjóða og að slæm umgengni við náttúruna varðar alla jarðarbúa. Rækta ber hæfileika nemenda til að njóta margbreytileika náttúrunnar og skilning á brýnni þörf á umhverfisvernd.

Námsmarkmið: Að nemandi.....

- geri athuganir með flotkraft mismunandi hluta
- vinni með loft og með hluti í lofti, t.d. með blöðrur, með því að blása í rör eða að búa til mismunandi hluti sem svífa í lofti
- mæli vegalengd og ferðatíma hluta sem eru á hreyfingu, t.d. leikfangabíla, í frjálsum íþróttum, bíla úti á götu
- geri athuganir sem sýna styrk hljóðs, t.d. með því að skoða titring í hátalara
- vinni með hluti eins og vindu, tannhjól og skáflöt og skoði hvar þeir koma fyrir og nýtast í daglegu lífi
- geri sér grein fyrir mikilvægi lofthjúpsins fyrir lífríki jarðar og þekki í því sambandi hugtökin ósonlag og gróðurhúsaáhrif
- geri sér grein fyrir hringrás vatns í umhverfi sínu
- ræði um margvíslegar breytingar sem verða á yfirborði jarðar við náttúruhamfarir; eldvirkni, jarðskjálfta, flóð og vinda
- þekkji muninn á þremur mismunandi gerðum af ám
- geri sér grein fyrir því að fleira býr í vatninu en fiskur
- þekkji allavega þrenns konar mismunandi lífverur sem lifa í ferskvatni

Leiðir: Nemendur gera ýmsar tilraunir og skrá niðurstöður jafnhliða þeim. Þeir fara í vettvangsferðir, vinna að rannsóknum, taka þátt í umræðum og vinna verkefni af blöðum.

Námsefni: *Lífikið í fersku vatni og Auðvitað 1.*

Námsmat: Símat 50%: virkni í tímum 20%, framkoma við samnemendur og kennara 15% og frágangur verkefna 15%. Prófseinkunn 50%.

Leikræn tjáning

Kennarar: Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson og Ingibjörg Emilsdóttir.

Markmið:

Sköpun/túlkun/tjáning

Nemandi

- lifi sig inn í ímynduð hlutverk og aðstæður með því að vera annar eða annað en hann sjálfur (persónur, hlutir eða umhverfi)
- spinni senur í hópvinnu með stigvaxandi öryggi og sjálfstæði
- setji sig í spor fólks sem uppi var á öðrum tímum
- nýti sér aðferðir leikrænnar tjáningar við lausn á verkefnum
- túlki einfalda hluti með látbragði
- skapi og túlki leikþætti út frá námsefni
- noti einfalda lýsingu, hljóð, búninga og leikmuni
- flytji litla leikþætti
- uppgötvi tjáningarmöguleika raddar og líkama
- flytji mál sitt áheyrilega fyrir framan áheyrendur
- taki þátt í leiksýningum fyrir foreldra og gesti
- skoði hugmyndir og frásagnir á leikrænan hátt
- móti og segi frá hugmyndum og sögum á leikrænan hátt
- leiklesi stutt leikverk
- standi kyrr og lesi upphátt úr eigin verkum

Skynjun/greining/mat

Nemandi

- sjái leiksýningar atvinnumanna
- taki þátt í hópumræðum
- segi frá á skipulegan hátt
- hlusti á aðra og sýni þeim umburðarlyndi
- segi frá og reyni að koma hugsunum sínum og tilfinningum skipulega á framfæri í bekkjarumræðum.
- leggi rökstutt mat á leiksýningar sem hann tekur þátt í
- fjalli um hvernig rithöfundar hafa notað þjóðsögur og annan menningararf til leikritunar

Leiðir: Nemendur fá ýmsar æfingar í því að lesa upp, setja sig í spor annarra, fjalla um margvísleg málefni, spinna leikverk, túlka texta, flytja ljóð, tjá sig orðalaust, fara í ýmsa leiki til að þjálfa samvinnu og margt fleira.

Námsefni: Úr ýmsum áttum.

Námsmat: Í tjáningu fer fram símat. Símat felst í fjórum atriðum, virkni (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) samvinnu (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) ástundun (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir og skilar þeim á réttum tíma, mætir í tíma o.s.frv.), samskipti (eru samskipti við kennara og samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda).

Heimilisfræði

Yfirmarkmið: Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, hagsýni og verndun

umhverfis. Stefnt er að því að auðvelda nemendum að takast á við daglegt líf og gera þá meðvitaða neytendur.

Námsmarkmið:

Næring og hollusta

Nemandi

- kynnist orkueiningum fæðunnar (he, kcal og kJ)
- kynnist orkuefnum fæðunnar og læri um hlutverk þeirra
- leiti uppi orkurík og orkusnauð matvæli í næringarefnatöflu
- skoði næringargildi lýsis
- kanni hvaða næringarefni eru í þeim matvælum sem notuð eru
- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur hafa áhrif á heilsuna
- kynnist góðum matarvenjum

Matreiðsla og vinnubrögð

Nemandi

- noti rétt áhöld við matreiðslu
- þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum
- taki þátt í að matreiða þjóðlegan íslenskan mat
- tileinki sér einfalda vinnutækni í matreiðslu (hreinsa, flysja, skera, brytja, saxa, rífa, sjóða)
- tileinki sér góða umgengni við vinnuna

Matvælafræði

Nemandi

- rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum og læri sérstaklega um kjöt-, fisk- og eggjaflokk
- öðlist færni í að meta útlit og gæði matvæla sem notuð eru (kjöt, fiskur, egg)
- kynnist og bragði á þjóðlegum íslenskum mat (saltfiskur, plokkfiskur, kjötsúpa)
- læri hugtök og orð tengd matargerð fyrir og nú

Hreinlæti

Nemandi

- geri sér grein fyrir því hvers vegna persónulegt hreinlæti er mikilvægt
- læri að þrifa kæliskáp og eldavél
- öðlist færni í að þvo upp samkvæmt hreinlætiskröfum
- geti lagt gagnrýnið mat á eigin frágang í eldhúsi

Neytendafræði og umhverfisvernd

Nemandi

- læri að meta eigin neyslu með tilliti til hollustu, verðs og umhverfis (fjölnota umbúðir, heimagert nesti o.fl.)
- fái þjálfun í að gera verðsamanburð á aðkeyptum og heimagerðum mat (pítsa, samlokur)
- tileinki sér jákvætt viðhorf til umhverfisverndar
- fái tækifæri til að taka þátt í að fegra og hreinsa umhverfið
- kynnist því hvernig velja má umhverfisvænar vörur og nota þær skynsamlega
- temji sér að spara rafmagn og aðra orkugjafa

Aðrir þættir

Nemandi

- geri sér grein fyrir helstu orsökum slysa á heimilum og viti hvernig koma má í veg fyrir þau
- tileinki sér kurteisi og tillitssemi við borðhald og bragði á þeim fæðutegundum sem á boðstólum eru
- fái þjálfun í samskiptum og að virða ólík sjónarmið
- rifji upp hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)

Námsmat

- Markmið námsins eru grundvöllur námsmats í heimilisfræði eins og í öðrum greinum. Þar sem verkleg þjálfun er stór hluti heimilisfræðinnar er nauðsynlegt að þar fari fram símat á framförum nemenda. Með verklegum og skriflegum prófum má ganga úr skugga um hvort nemendur hafi tileinkað sér þá færni og þekkingu sem stefnt er að. Þá eru einnig verkefni og vinnubækur nemenda metnar.

Upplýsingamennt

Kennarar: Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson og Ingibjörg Emilsdóttir.

Yfirmarkmið: Í upplýsingatækni er ætlast til að nemendur stefni að eftirfarandi markmiðum:

Námsmarkmið

Tæknilæsi

Nemandi á að

- hafa lært grunnatriði í meðferð og notkun tölvu
- kunna að vista skjöl og ná í vistuð skjöl
- hafa vald á að prenta skjöl úr ýmsum forritum
- geta notað geisladrif og geisladiska
- hafa lært grunnatriði í fingrasetningu á tölvu
- geta brotið um í tölvu einfaldan texta með myndum, s.s. einfaldan bækling
- geta notað teikniforrit til að teikna myndir út frá grunnformum myndlistar og litað fleti
- geta notað ýmis kennsluforrit er hæfa aldri og getu
- geta ritað einfaldan texta í ritvinnslu
- geta skeytt myndum inn í texta

Upplýsingalæsi

Nemandi á að

- þekkja þá möguleika sem skólasafnið býður upp á til upplýsingaöflunar og vinnslu
- þekkja reglur um uppröðun skáldrita
- geta leitað eftir efnisyfirliti og atriðisorðaskrá í léttum fræði- og handbókum
- geta lesið einföld kort, gröf og töflur

Menningarlæsi

Nemandi á að

- hafa fengið reglulega lánaðar bækur og önnur gögn á skólasafninu sem styðja nám og lesskilning og hafa mótað lestrarvenjur og þekkingarleit til framtíðar
- þekkja söfn í heimabyggð sinni

Leiðir: Nemendur vinna í tölvum og á bókasafni. Megin áhersla er lögð á fingrasetningu, ritvinnslu, töflureikni og notkun bókasafns.

Námsefni: *Fingrafimi, Word, Excel og fleira efni af veraldarvef.*

Námsmat: Samræmt námsmat skólans: Verkefni anna verða metin, símat, og gilda 50% af einkunn haust-, mið- og vorannar. Símat felst í fjórum atriðum, virkni (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) samvinnu (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) ástundun (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir og skilar þeim á réttum tíma, mætir í tíma o.s.frv.), samskipti (eru samskipti við kennara og samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda). 50% símat og 50% próf. Öll próf og kannanir hverrar annar gilda 50% á móti símati. Eingöngu verður prófað úr námsefni sem búið er að vinna með. Auk vorannareinkunnar verður í lok skólaársins gefin lokaeinkunn sem er meðaltal haust-, mið- og vorannar.

Íþróttir og sund

Kennari Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson.

Tímafjöldi er 3 kennslustundir á viku, samkenntla með 4. og 5. bekk.

Yfirmarkmið: Á þessum aldri hafa börn yfirleitt mikla hreyfipörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Leikir og markvissar hreyfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin.

Megináhersla er lögð á aðlögun barnsins að vatninu í leik og með æfingum í leik. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun á kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Í 6. bekk er stefnt að áframhaldandi uppbyggingu sundnáms frá fyrri skólaárunum en auka áherslu á grunnhyfingar sundtaka í bringusundi og skriðsundi.

Námsmarkmið: Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í: æfingum með stór og smá áhöld þar sem mismunandi hreyfingar er tengdar saman, grófhreyfingum og að tengja ýmsar gróf- og fínhyfingar saman. Þeir þjálfast í leikrænum æfingum og leikæfingum helstu greina. Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfipörf og efla samspil skynjunar. Farið verður í leiki og gerðar æfingar sem efla líkamspól, hraða, kraft og viðbragð. Í sundi taka nemendur þátt í fjölbreyttum undirbúningsæfingum sem leggja grunn að bringu-, skólabak-, skrið-, bak- og flugsundi, einnig í stungu.

Leiðir: Til að ná þessum markmiðum þá verða gerðar ýmsar æfingar og farið í leiki, s.s. eltingaleiki, boltaleiki, einfalda ratleiki, boðhlaup. Farið verður í gegnum boltagreinar, fimleika, frjálssar o.fl. Í sundi verður gerðar æfingar og farið í leiki, s.s. eltingaleiki, boðsundsleiki, boltaleiki og kafsundsleiki.

Námsmat: Í formi einkunnar í lok vetra, verður meðaleinkunn af haustannar, miðannar og vorannareinkunni. Haustannaeinkunn mun skiptast í eftirfarandi 50% prófseinkunn (einkunn úr sundprófinu) og 50% símat þ.e. fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum. Miðannaeinkunn mun skiptast í 50% prófseinkunn þar sem prófað er úr samhyfing (sipppróf) 25% og jafnvægispróf 25% og 50% símat þ.e. fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum. Vorannareinkunn mun skiptast í eftirfarandi 50% prófseinkunn (einkunn úr sundprófinu) og 50% símat þ.e. fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum. Í lok sundnámskeiðs er ætlast til þess að nemendur í 6. bekk geti: a) 200 metra bringusund. b) 50 metra skólabaksund. c) 25 metra skriðsund d) 25 metra baksund. e) 25

metra bringusund á tíma lágmarkstími er 35 sekúndur f) 15 metra björgunarsund g) 8 metra kafsund h) 10 metra flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja.

Listir

Þrjár námsgreinar, hannyrðir, myndmennt og hönnun og smíði eru samþætt í eitt fag. Leitast verður við að samþætta verkefni á milli greina þannig að tími og efni nýtist betur og að verkefni gangi út á fleiri verkþætti og nemendur komist yfir fjölbreyttari verkefni heldur en þegar greinarnar eru aðskildar. Þrátt fyrir það eru sömu markmið í fögunum samþættum og þau voru í sitt hvoru lagi. Verkefni í listum verða oft unnin í þemum yfir ákveðinn tíma, þannig að nemendur vinna t.d. eingöngu í smíðum í mánuð og fara í textílverkefni þann næsta. Leitast er við að nemendur læri hagnýt og öguð vinnubrögð, jafnframt því að skapandi þátturinn sé sem stærstur í allri vinnu. Í samræmi við stefnu skólans í umhverfismálum verður rík áhersla á hverskonar endurnýtingu og endurvinnslu efna auk þess að notast við umhverfisvæn efni eftir því sem við verður komið. Námsmat fer að hluta fram sem símat og sjálfsmat

Hannyrðir.

Yfirmarkmið: Handverk var áður órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar en er nú vaxandi atvinnuvegur og hluti þeirra ímyndar sem einkennir íslennska menningu. Íslenskur útsaumur, þrjón og vefnaður er meðal gersema íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin þarf að þekkja og meta sem veganesti til framtíðar.

Námsmarkmið: Proska og þjálf hugi og hendur barna, vekja þau til vitundar um getu sína og hæfni, sem verður þeim síðan eðlileg hvatning til frumkvæðis og sjálfstæðrar sköpunar í öllu námi. Nemandi hafi tileinkað sér þekkingu á grundvallarlögmálum hannyrða, efniviði og miðlum og færni í undirstöðuaðferðum fagsins, tileigin sköpunar og skilning á handverki. Lögð áhersla á að kynna nemendum helstu áhöld sem notuð er við handavinnukennslu og að þau tileinki sér vönduð vinnubrögð og góðanfrágang.

Námsmarkmið: Að nemandi:

- læri að nota einfalt silkiprykk á tau
- læri sögu og hefðir við batik, og að vinna myndverk með batikaðferð.
- læri að nota hnýtingar í nytjalist
- læri einfaldan vélsaum
- læri að nota skissur í tengslum við textílverkefni.
- þjálfist í að hanna og skapa sín eigin verkefni út frá mismunandi aðferðum og efnum
- kanni og finni út möguleika ýmiskonar þráðlistar.

Námsmat: Námsmat er byggt á áhuga, vinnubrögðum, framförum og sköpunargleði.

Myndmennt

Yfirmarkmið: Stuðlað skal að því að nemendur verði læsir á umhverfi sitt og myndmál í daglegu lífi. Þeim verði gert kleift að fást við mismunandi efni og tækni með viðeigandi vinnu brögðum. Efla skal frumleika og fegurðarskyn svo nemendur nái að þróa eigið gildismat. Nemendur fái fjölþætt yfirlit yfir listmenningu að fornu og nýju, innlenda og erlenda svo að þeir öðlist þekkingu og skilning á listarfi þjóðarinnar í alþjóðlegu samhengi. Nemendum skulu kynnt lögmál og aðferðir myndlistarinnar til þess að þeir geti á agaðan hátt með stigvaxandi sjálfstæði unnið að gerð eigin myndverka.

Námsmarkmið: Markmið er að nemandi

- geti unnið eftir skipulögðu vinnuferli sem hefur upphaf og endi.

- geti nýtt sér í eigin sköpun, einfalda útfærslu línuteikninga, áferðar, myndbyggingar, lita og formfræði. Má þar nefna, fjölbreytileika línunnar, fjölbreytilega áferð og skala, nálægð og fjarlægð, forgrunn og bakgrunn, grunnformin tvívíð og þrívíð og fleira.

- læri um sögulegt og félagslegt gildi myndlistar og kynnist myndlist frá ýmsum tímabilum sögunnar.

Leiðir: Unnið skal út frá forsendum nemandans, þroska hans áhuga og þörfum þannig að hann læri að nýta sér myndlistarnámið til að skilgreina og uppfylla eigin þarfir.

Nemendur nota fjölbreyttar aðferði og margs konar efni og liti til að gera myndverk.

Helstu verkefni vetrarins eru:

-leirmótun

-frumbyggjalist (þemaverkefni)

-olíumálun, uppstilling

-vatnslitun, haustlitir

Námsmat: Námsmat er byggt á áhuga, vinnubrögðum, framförum og sköpunargleði.

Hönnun og smíði

Yfirmarkmið: Nauðsynlegt er að kenna börnum hönnun og smíði í grunnskóla í samræmi við kröfur og áherslur í verkmenntun og skapandi starfi. Smíðin þroskar verkfærni og verkunnáttuog gerir nemandann sjálfstæðan í verki. Þannig er smíðin góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Í hönnun og smíði fær nemandinn þjálfun í að móta eigin hugmyndir í efnivið með þeirri verktækni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Nemandinn þjálfist í að nýta sér margs konar aðferir við söfnun, skoðun og greiningu og úrvinnslu hugmynda. Nemandinn öðlist þekkingu og færni í notkun, meðferð og möguleikum ólíkra tækja, verkfæra og efna. Nemendur tileinka sér ábyrga umgengni og öryggisreglur við verklega vinnu og temji sér einnig rétta líkamsbeitingu og hollustu við vinnu. Nemandi efli frumkvæði sitt, áræðni og framtak í verklegri framkvæmd, þroski með sér innra mat á notagildi hlutanna og fegurð þeirra. Nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og að ganga frá hlutum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með.

Námsmarkmið: Nemandi geti unnið eftir hönnunarferli með áherslu á tæknilega útfærslu og virkni hlutarins. Að nemandi geti unnið eftir ferlinu þörf lausn og afurð sem fellst í því að hanna og smíða hlut sem þörf og not eru fyrir.

Að nemandi

-náí færni við tálgun í blautan við.

-læri að lóða tin.

-læri að nota helstu leðuráhöld

-læri heiti á helstu verkfærum og hugtök tengd verklegri vinnu.

Leiðir: Nemendur smíða hluti úr ýmis konar efnum.

Námsmat: Matið er byggt á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni, iðni og afköstum.

Enska

Kennarar: Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson og Ingibjörg Emilsdóttir.

Námsmarkmið:

Nemandi

Hlustun

- skilji einföld fyrirmæli kennara

- skilji einföld orð og setningar í tengslum við viðfangsefni sem eru kunnugleg
- skilji helstu kveðjur og kurteisisorð í samskiptum
- geti fylgst með í einföldu hlustunarefni, t.d. söngvum og þulum
- skilji einfaldar spurningar um viðfangsefni

Lestur

- geti lesið einfaldar setningar
- geti fylgt eftir einföldum texta með hljóði eða mynd til stuðnings

Talað mál – samskipti

- geti tekið þátt í einföldum samskiptum, t.d. kynnt sig og heilsað
- geti tekið þátt í samskiptaleikjum
- geti tekið þátt í einföldu samtali, t.d. spurt og svarað
- geti tekið undir í söng og farið með þulur

Talað mál – frásögn

- geti gefið einfaldar upplýsingar um sjálfan sig
- geti lýst hlut eða mynd á einfaldan hátt

Ritun

- geti skrifað eftir fyrirmynd orð og einfaldar setningar
- geti skrifað orð og stuttar setningar við myndir

Leiðir: Í enskutímum munum við leggja áherslu á að nemendur og kennarar tjái sig á ensku í tímunum. Unnið í þeim með ákveðin verkefni fyrir sig.

Námsefni: *Speak out* og fleira tilfallandi.

Námsmat: Verkefni anna verða metin, símat, og gilda 50% af einkunn haust-, mið- og vorannar. Símat felst í fjórum atriðum, virkni (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) samvinnu (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) ástundun (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir og skilar þeim á réttum tíma, mætir í tíma o.s.frv.), samskipti (eru samskipti við kennara og samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda). 50% símat og 50% próf. Nemendur taka próf í lok hverrar annar, öll próf og kannanir annarinnar gilda 50% á móti símati. Eingöngu verður prófað úr námsefni sem búið er að vinna með.

Auk vorannareinkunnar verður í lok skólaársins gefin lokaeinkunn sem er meðaltal haust-, mið- og vorannar.

Tónmennt

Kennarar: Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson og Ingibjörg Emilsdóttir.

Yfirmarkmið: Tónmennt er sérstakur þáttur í mannlegri greind sem hægt er að þroska með markvissri kennslu og þjálfun. Skólinn er samfélag og tónlistin á að hafa þar sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni. Í tónmennt er það eitt af viðfangsefnunum að vekja áhuga, vekja með nemandanum jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunnar og þroska jafnframt hæfni hans til að njóta tónlistar og gera sér grein fyrir gildi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Markmið: Að nemendur geti:

- aukið áhuga sinn á tónlist
- lært að njóta tónlistar og tekið þátt í skapandi starfi þar sem fléttað er saman söng og leiklist.
- fræðst um ýmis tilbrigði tónlistar og kynnst uppbyggingu hennar
- lært grunnhugtök í tónlist s.s. hrynn, takt, púls.

- lært grunnhugtök í almennri tónfræði
- sungið í hóp fjölbreytt sönglög og þulur
- flutt einfalt tón og hrynmunstur
- leikið einfalt tón- og hrynmunstur
- þjálfað taktskyn með púls, einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu.
- gert sér grein fyrir og þekki mismun á tónlist s.s. hvað er rokk, blús, jazz, klassík o.fl.

Leiðir: Nemendur fá þjálfun í söng og kennd eru lög, þulur, hrynur og helstu nótur kynntar. Farið er yfir helstu hljóðfæri o.fl. sem tengist tónlist. Leitast er við að nálgast tónlist og tónfræði í gegnum leiki, verkefni og hlustun. Lögð verður sérstök áhersla á að auka sköpunargleði nemenda.

Námsefni: Efni frá kennara sem til fellur hverju sinni s.s. í formi, sönghefta, myndbanda, geisladiska o.fl

Námsmat: Í tónmennt fer fram símat. Símat felst í fjórum atriðum, virkni (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) samvinnu (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) ástundun (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir og skilar þeim á réttum tíma, mætir í tíma o.s.frv.), samskipti (eru samskipti við kennara og samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda).

Lífsleikni

Kennarar: Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson og Ingibjörg Emilsdóttir.

Yfirmarkmið: Í lífsleikni er miðað að aukinni sjálfsþekkingu, þroska og mannrækt. Einnig er stefnt að því að gera nemendur meðvitaða um réttindi sín, þjóðfélagsstöðu, ábyrgð, skyldur og hlutverk. Einnig að kynna þeim fjölskyldumál, þjóðmál og umhverfismál. Gera nemendur meðvitaða um valkosti í atvinnulífi og menntunarmálum, gera þá hæfari til að tjá skoðanir og færa rök fyrir máli sínu og sjá málefni frá mörgum hliðum.

Námsmarkmið: Námsmarkmið eru sett samkvæmt skiptingu í aðalnámskrá grunnskóla.

Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll

Nemandi

- sé fær um að túlka mismunandi tilfinningar
- virði leikreglur í hópleikjum
- geti bent á og nefnt ýmsa þætti í umhverfinu sem hafa áhrif á líðan hans
- þjálfist í að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt, t.d. með orðum, myndum eða látbragði
- geti sett sig í spor deiluaðila og leitað sáttaleiða
- geti túlkað hlutverk fjölskyldumeðlima í ólíkum fjölskyldugerðum
- geti lýst þörfum einstaklinga út frá ýmsum aðstæðum og hvernig þeim skal mætt (dæmi: klæðnaður, næring með hliðsjón af orkuþörf, svefnþörf)
- geti sett sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim og geri sér grein fyrir að ekki eru allir eins
- sé fær um að setja sér raunhæf markmið að eigin frumkvæði, t.d. hvenær hann ætlar að ljúka við heimanám eða taka til

Samfélag, umhverfi, náttúra og menning

Nemandi

- kunni umferðarreglur og þekki umferðarmerki fyrir gangandi vegfarendur
- þekki vel öruggustu leið sína í skólann og beri sig rétt að við gangbrautir og götuljós
- læri að lesa og nýta sér leiðbeiningar og skilaboð af skiltum

- læri að afla upplýsinga um símanúmer
- geri sér grein fyrir hættum á heimili sínu og í nágrenninu og hvernig best er að bregðast við
- geti greint frá stofnunum, þjónustuaðilum og verslunum í grenndarsamfélaginu

Leiðir: Nemendur fá verkefni til að leysa. Stór þáttur í náminu eru skoðanaskipti og umræður. Einnig verður farið í ýmsa leiki til að hjálpa nemendum að skilja málefni sem tekin eru fyrir.

Ýmsar upplýsingar

Skjatti er skipulagsbók fyrir nemendur, foreldra og kennara. Þar eru skráð þau verkefni sem nemendur ætla að vinna í hverri viku og nemendur, foreldrar og kennarar geta haft samskipti sín á milli. Skjatti er sérstaklega hannaður með hliðsjón af einstaklingsmiðuðu námi og hentar mjög vel til að halda utan um verkefni og alla vinnu nemenda á skólaárinu.

Ágætu foreldrar, ef eitthvað má betur fara í skólastarfi barna ykkar endilega hafið samband og látið mig vita. Þið þekkið líðan barna ykkar best auk þess getur margt farið fram hjá kennara sem þarf að sinna mörgum sálum.

Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf í vetur.

Ingibjörg Emilsdóttir og Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson